

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.10.19
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1910076

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 1. október 2019

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2019.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins fyrir árið 2019.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2018 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar miðvikudaginn 16. maí 2019.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.100.000 kr. á árinu og framlög annarra (einstaklingar/fyrirtæki) 106.000 kr. eða alls 3.206.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði 3.370.000 kr. til styrkumsækjenda. Fjármagnstekjur minnkuðu um 25% milli ára vegna lægri ávöxtunar safna en árið á undan og námu 615.110 kr. Rekstrarafgangur var 433.484 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði nær öllum fjármunum sem heimilt var samkvæmt reglum sjóðsins.

Svipaður fjöldi styrkveitinga var á árinu 2018 líkt og fyrri ár. Töluvert margar beiðnir voru um skyndiaðstoð, sem eru lægri fjárhæðir á bilinu 10-30 þús. kr. Þá var stuðningur fyrir jöl með hefðbundnu sniði, fjárhæðir tóku mið af verðbreytingum og unnt var að verða við öllum umsóknum sem bárust.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti hækkun á framlagi Garðasóknar til Styrktarsjóðsins í 1.600.000 kr. fyrir árið 2019, í samræmi við umræður á Aðalsafnaðarfundum árið á undan, sbr. bréf sem fylgdi með síðasta ársreikningi, dags. 4. maí 2018.

Garðabær leggur sjóðnum til sömu fjárhæð skv. samþykktum sjóðsins eða 1.600.000 kr.

Þess er óskað að framlag Garðabæjar fyrir árið 2019 verði greitt fyrir lok nóvembermánaðar inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar


Einar Farestveit, gjaldkeri